

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 2000

22. ágúst 2000

1787

Nr. 602

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.300 frá 1. september 2000 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðjan hf.) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

18. ágúst 2000

Nr. 603

REGLUGERÐ

um löggildingu raforkumæla.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi mælir fyrir um prófanir og löggildingu raforkumæla sem eru löggildingarskyldir, sbr. 5. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Frum sannprófun (EBE-frumsannprófun) er aðferð til að sannreyna að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðeigandi reglugerðum.

Gerðarviðurkenning (EBE-gerðarviðurkenning) byggist á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mælaspennir er samheiti fyrir spennuspenni og straumspenni.

Mæligrunnur merkir áþreifanlegan mælikvarða, mælitæki eða mælíbúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Raforkumælíbúnaður er raforkumælir ásamt mælaspenni.